

RARIK Orkuþróun ehf.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

TÞH/lS

19. febrúar 2019


Efni: Varðar fyrirspurn Fjármála- og efnahagsráðuneytis til stjórna fyrirtækja í ríkiseigu og stjórnar Bankasýslu ríkisins dags. 12. febrúar 2019.

Vísað er til bréfs fjármálaráðherra dags. 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir því að stjórnir félaga í eigu ríkisins færi rök fyrir því, með vísan til eigendastefnu, hafi þær ákvarðað framkvæmdastjórum launahækkanir umfram almenna launaþróun.

Þegar laun framkvæmdastjóra RARIK Orkuþróunar ehf. voru síðast ákvörðuð af kjararáði 1. júní 2016 voru þau 1.241.761 kr. Þegar laun og starfskjör framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins féllu undan kjararáði, sbr. lög nr. 130/2016 lá fyrir að framkvæmdstjóri RARIK Orkuþróunar ehf. léti af störfum vegna aldurs stuttu seinna. Gerði stjórn félagsins því ekki ráðningarsamning við framkvæmdastjóra, heldur hélt hann sömu launum fram að starfslokum.

Ekki var ráðið í framkvæmdastjórastarfið aftur, en verkefni félagsins voru að stórum hluta til flutt inn í Orkusöluna ehf., en annað heyrir undir stjórnarformann og framkvæmdastjóra þess, sem forstjóri RARIK ehf. gegnir. Stjórnarlaun eru nú 100 þ.kr. á mánuði.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Þ. Haraldsson
Stjórnarformaður RARIK Orkuþróunar ehf.